

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 99 (6.11.2023) - Aðalskipulagsbreyting, Gilsárvirkjun

Málsnúmer : 202308090
Málsaðili : Orkusalan ehf.
Niðurstaða (stutt) : Vísað til nefndar
Fundardagur : 06.11.2023

Inngangur : Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur skipulags- og matslýsing, dags. 5. október 2023, vegna breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 og nýs deiliskipulags fyrir vatnsaflsvirkjun í Gilsárdal í Múlaþingi.

Niðurstaða : Við upphaf máls vöktu ÞB og ÁHB máls á vanhæfi sínu við afgreiðslu málsins. Formaður úrskurðaði um augljóst vanhæfi ÞB og ÁHB með vísan í fyrri atkvæðagreiðslu um vanhæfi þeirra á 94. fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs við sama mál. Véku þau af fundi við umræðu og afgreiðslu málsins. Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur skipulags- og matslýsing, dags. 5. október 2023, vegna breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 og nýs deiliskipulags fyrir vatnsaflsvirkjun í Gilsárdal í Múlaþingi.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að fyrirbyggjandi skipulags- og matslýsing verði kynnt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfis- og framkvæmdaráð bendir þó á bókanir byggðaráðs frá 28. febrúar og sveitarstjórnar frá 15. mars þessa árs en þar kemur fram: Með vísan til bókunar byggðaráðs Múlaþings, dags. 28.02.23, og stjórnar Samtaka stjórnar orkusveitarfélaga, dags. 17.02.23, samþykkir sveitarstjórn Múlaþings að staldra við í skipulagsmálum mögulegra virkjana þar til sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög.

Samþykkt samhljóða.